

Tilkynning flugatvika

1



Upplýsingar og tilmæli

Af hverju að tilkynna flugatvik?

Með því að tilkynna öll flugatvik, hvort sem þau eru tilkynningarskyld eða ekki, þá erum við að leggja okkar af mörkum til að auka flugöryggi.

Með því að safna tilkynningum má greina betur hvar mögulegar hættur leynast og nýtist sú þekking við að bæta öryggi við flug.

Sé atburðurinn ekki greindur og ef nauðsynlegt er, leið-réttur, þá getur hann leitt til alvarlegs flugatviks eða slyss. Því hefur verið gerð krafa um tilkynningarskyldu með innleiðingu á reglugerð 900/2017 (EU 376/2014) og er henni ætlað að tryggja tilkynningu, söfnun, geymslu, verndun, skipti á, miðlun og greiningu viðeigandi öryggisupplýsinga í flugi.



Hvað er tilkynningarskyld

Betra er að tilkynna fleiri en færri atvik því oft geta atvik, sem virðast láta lítið yfir sér, skipt miklu máli.

Tilkynningarskyld flugatvik er atburður sem getur haft áhrif á flugöryggi og ef atburðurinn er ekki greindur og hugsanlega leiðréttur, getur hann stofnað flugöryggi í hættu og leitt til alvarlegs flugatviks eða slyss.

- Atvik sem tengjast starfrækslu loftfarsins.
- Atvik sem tengjast tæknilegum skilyrðum, viðhaldi og viðgerðum á loftförum.
- Atvik sem tengjast flugleiðsögupjónustu.
- Atvik sem tengjast flugvöllum og þjónustu á jörðu niðri.



Tilkynning flugatvika



Upplýsingar og tilmæli

Hverjir þurfa að tilkynna flugatvik?

Flugmönnum ásamt t.d. flugumferðastjórum og flugvirkjum ber að tilkynna flugatvik.

Er hægt að refsa fyrir tilkynnt atvik?

Þeim sem tilkynnir um flugatvik verður ekki refsað né verður hann beittur viðurlögum þótt um sé að ræða brot gegn ákvæðum laga er snúa að atvikinu eða á reglum settum á grundvelli þeirra.

Hvernig tilkynni ég flugatvik?

Hjá flugfélögum og stærri fyrirtækjum liggja fyrir verkferlar um tilkynningar atvika. Minni fyrirtæki og einstaklingar geta tilkynnt atvik með því að fara inn á þessa síðu:

<https://island.is/tilkynna-flugatvik>

og smella á hnappinn TILKYNNA. Þar má einnig sjá nánari upplýsingar um atvikatilkynningar.

